



3. tbl.

Skólaáriði 2018/ 2019

## Fréttabréf GSnb



Það styttist til jóla, undirbúningur hátíðarinnar er að nálgast hámark. Við í skólanum höfum leitast við að skapa lágstemmda stemningu, lagt áherslu á að njóta og stunda námið.

Það er gleðilegt að geta sagt frá því að það verða ekki hækkunar á gjaldskrá skólans á nýju ári og skólaferðalögin að Reykjum og Laugum verða nemendum að kostnaðarlausu, fyrir þetta ber að þakka bæjarstjórninni okkar.

Stundatöflur nemenda halda sér að mestu í desember að frátöldum síðustu dögum, 19. og 20. desember. Nemendur í 4.-10. bekk norðan heiðar enda 19. desember í félagsvist og bingó og ljúka deginum kl 13:20. Fimmtudaginn 20. desember eru haldin litlu jól á öllum starfstöðvum. Nemendur í 1.-4. bekk mæta á hefðbundnum tíma og ljúka sínum degi kl. 12:00, Skólabær er ekki opin þennan dag. Nemendur í 5.-10. bekk mæta kl 9:00 og ljúka sínum degi kl. 11:40. Nemendur í í Lýsuhólsskóla mæta á venjulegum tíma að morgni en litlu jól og jólatónleikar tónlistarskólanemenda hefjast kl. 13:00.

### Piparkökudagurinn

Piparkökudagurinn var haldinn hátíðlegur á öllum starfstöðvum laugardaginn 24. nóvember. Tókst hann í alla staði mjög vel. Hann var vel sóttur og góð stemning myndaðist. Foreldarafélögin eiga veg og vanda af deginum, öllu skipulagi og framkvæmd. eru þeim færðar þakkir fyrir að halda í þennan góða sið í aðdraganda jóla.

### Áttundi Grænfáninn í G.Snb. Lýsuhólsskóla

Þann 24. nóvember flögguðu nemendur og starfsfólk Grunnskóla Snæfellsbæjar, Lýsuhólsskóla, sínum áttunda Grænfána en skólinn hefur verið virkur þátttakandi í verkefninu Skólar á grænni grein frá því að til þess var stofnað á Íslandi árið 2001.

### Fullveldishátíð

Við höldum upp á fullveldisafmæli Íslands með þemaviku, opnu húsi og sýningu, 1. desember s.l.

Það var þemavika vikuna fyrir hátíðina þar sem hver árgangur fékk einn áratug til að vinna með og eina skólastofu til að sýna afrakstur vinnunnar. Nemendur tíunda bekkjar fengu áratuginn frá 1918 til 1927, nemendur 9. bekkjar áratuginn frá 1928 til 1937 svo koll af kalli og nemendur fyrsta bekkjar voru með árin frá 2008 – 2018. Nemendur leituðust við að túlka sinn áratug út frá sjónarhorni barnsins og greina frá sögu Snæfellsbæjar, Íslands og mannkyns. Þemavikan gekk í alla staði mjög vel. Hún var vel undirbúin og framkvæmdin var fúllaus. Það var ánægjulegt að ganga um skólahúsnæðið í þemavikunni og upplifa áhuga og gleði nemenda við námið. Punkturinn yfir i-ið var svo opna húsið þar sem afrakstur þemavikunnar var sýndur, boðið var upp á þjóðlegar

Fréttabréf Grunnskóla Snæfellsbæjar

Útgefandi: Grsk. Snæfellsbæjar

Ritsjóri og ábm.: Hilmar Már Arason



veitingar og hátíðarsamkoma var í íþróttahúsinu.

Nemendur Lýsuhólsskóla tóku þátt í þemavíkunni, þeirra útgangspunktur var barn í sveit. Veðrið setti strik í reikninginn, skólinn var felldur niður í tvo daga, rúða brotnaði í illviðrinu og verkefni sem voru í vinnslu löskuðust. Fyrirhugað er að sýna þeirra verkefni við fyrsta tækifæri. Nemendur og kennarar komu norður yfir á opna húsið og tóku þátt í gleðinni. Sýningarnar okkar voru mjög vel sóttar af íbúum og voru sýningargestir mjög ánægðir með það sem þeir sáu og upplifðu.

Ég vil þakka starfsfólki skólans fyrir vel unnin störf, nemendum fyrir góða vinnu, íbúum fyrir greiðvikni við undirbúninginn og sýningargestum fyrir komuna.

## Bókaveislan

Bókaveisla 10. bekkjar fór fram á Klifi, mánudaginn 10. desember. Hún er eitt af áttahagafræðiverkefnum skólans þar sem áhersla er lögð á að tengja saman skólann og samfélagið. Rithöfundarnir Einar Kárason, Yrsa Sigurðardóttir, Auður Ava Ólafsdóttir, Hallgrímur Helgason og Þorgrímur Þráinsson kynntu og lásu upp úr nýútkomnum bókum sínum. Nemendur sömdu og fluttu kynningar á höfundunum og seldu veitingar í hléi með aðstoð foreldra sinna.

Það var gaman að sjá hvað nemendur okkar skiluðu verkefninu vel frá sér og voru þrúðir í alla staði. Þá var ánægjulegt að sjá hve margir mættu til að njóta kvöldsins með okkur.

## Útvarp GSnb 103,5

Þetta var í þriðja sinn sem við höldum úti útvarpi í aðdraganda jóla. Við sendum út á tíðninni 103,5 í fjóra daga. Mér finnst dagskráin verða betri með hverju árinu. Undirbúningur var góður, handritagerðin vandaðri, upptökur og útsendingar að mestu hnökralausar.

Ávinningurinn fyrir nemendur er margvíslegur, hæfileikar sem öllu jafna eru ekki þjálfaðir fá notið sín s.s. munnleg framsögn, samning handrita og tæknimenn fá tækifæri til að læra á nýja tækni. Vil ég þakka nemendum og starfsfólki fyrir undirbúning og framkvæmd, fyrirtækjum og stofnunum fyrir stuðninginn.

## Að lokum

Skóli mun hefjast að nýju samkvæmt stundatöflu mánudaginn 7. janúar

Tíminn sem nú fer í hönd er tími þar sem fjölskyldur og vinir koma saman, gera sér dagamun í mat og drykk, gefa gjafir og njóta samvista hver með sínum hætti. Njótum þessa tíma og minnumst þess af hverju við höldum jólin hátíðleg.

Að lokum vil ég minna á mikilvægi lesturs, haldið lestri að börnum ykkar, verið styðjandi í lestranámi þeirra og góðar fyrirmyndir. Að því sögðu

**sendi ég starfsfólki, nemendum og fjölskyldum þeirra mínar bestu jólakveðjur, megið þið eiga gleðileg jól.**

